

Fræðslutilboð fyrir grunnskóla



Námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk grunnskóla,
til dæmis hægt að fá á starfsdaga eða starfsmannafundi



Látum draumana rætast. Menntastefnan og grunnskólastarf

Fjallað er um menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“, helstu áherslur hennar og vörður í innleiðingarferlinu. Skoðað verður hvernig vinna má að innleiðingu stefnunnar í grunnskólastarfið m.a. í gegnum þróunar- og nýbreytniverkefni. Þá verður rætt sérstaklega um mikilvægi samstarfs og þróun lærdómssamfélagsins innan sem utan grunnskólans og mikilvægi þess að gera gott starf enn betra.

Leiðbeinandi: Hjörtur Ágústsson, deildarstjóri Nýsköpunarmiðju Menntamála

Tímalengd: 1-2 klst. (fyrirlestur og umræður)

Styrkir og alþjóðastarf

Í þessari fræðslu er farið yfir helstu tækifæri sem standa starfsstöðum til boða þegar kemur að fjármögnun og framkvæmd á alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Farið er yfir meginatriði sem tengjast vinnslu umsókna í alþjóðlega samkeppnissjóði eins og Erasmus+ og Nordplus ásamt því að farið er yfir hvernig hægt er að nýta stéttarfélagstyrki á hnitmiðaðan hátt til að afla þekkingar sem nýtist við innleiðingu menntastefnunnar. Boðið er upp á áframhaldandi ráðgjöf og stuðning til þeirra starfsstaða sem hafa áhuga á að skipuleggja og framkvæma verkefni.

Leiðbeinandi: Þorbjörg Arna S. Jónasdóttir, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja (NýMið)

Tímalengd: 1 klst

Kynheilbrigði

Þetta námskeið er fyrir þau sem vilja efla þekkingu sína og skilning á kynheilbrigði barna. Námskeiðið leggur áherslu á að veita kennurum nauðsynleg verkfæri og þekkingu til að huga að kynheilbrigði barna með markvissri og faglegri kynfræðslu. Með markvissri kynfræðslu fá börnin tækifæri til að læra um sjálfan sig og líkamann sinn á heilbrigðan hátt. Þá förum við yfir hvernig má fræða markvisst og opinskátt um samþykki og mörk, en við vitum að kynfræðsla er eitt sterkasta vopn okkar gegn kynferðislegu ofbeldi. Við skoðum einnig hvað telst eðlileg og óeðlileg kynhegðun barna eftir aldri, hvenær á að grípa inn í og hvernig. Þátttakendum gefst þá tækifæri til að ræða raunverulegar aðstæður, deila reynslu sinni og fá hagnýt ráð til þess að nýta í daglegu starfi. Markmið námskeiðsins er að valdefla starfsfólk í að skapa öruggt og jákvætt umhverfi í skólanum með kynheilbrigði í huga.

Leiðbeinandi: Indíana Rós Ægisdóttir, verkefnastjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Tímalengd: 2 klst.

Staðalmyndir, félagsmótun og samskipti

Þetta er grunnfræðsla um jafnrétti fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Í þessari fræðslu er rætt um áhrif félagsmótunar á kynin og hvernig staðalmyndir samfélagsins geta verið hamlandi og villandi fyrir ungt fólk. M.a. er rætt um framkomu fullorðinna við börn, skilaboð sem þau fá í gegnum leikföng, dægurmenningu og samfélagsmiðla. Líkamsvirðing, klámvæðing og samskipti eru einnig ávörpuð í fræðslunni fyrir grunnskóla og félagsmiðstöðvar.

Leiðbeinandi: Maríanna Guðbergsdóttir, verkefnastjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Tímalengd: 1,5 – 2 klst.



Forréttindi og mismunun

Í öllu skólstarfi skal jafnréttismenntun fela í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum samfélagsins og stofnunum þess til að þekkja megi ástæður þess að sum búa við mismunun en önnur við forréttindi. Í þessu erindi er fjallað almennt um forréttindi og mismunun og þá þætti sem gott er að hafa í huga til að koma auga á misrétti og vinna gegn því. Markmið erindis er að vekja starfsfólk til umhugsunar um mikilvægi markvissrar vinnu til að skapa jöfnuð og öruggt umhverfi fyrir öll börn og fjölskyldur þeirra.

Leiðbeinandi: Maríanna Guðbergsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Tímalengd: 1,5 – 2 klst.

Syngjandi skóli

Fjallað er um mikilvægi söngs í skóla- og frístundastarfi í margvíslegum skilningi og þær fjölmörgu rannsóknir sem styðja við þann þátt. Einnig er farið yfir ferli samsöngs í skólum og vefsíðan Syngjandi skóli kynnt til leiks.

Leiðbeinandi: Harpa Þorvaldsdóttir, Verkefnastjóri menningartengdra verkefna Nýsköpunarmiðju menntamála

Tímalengd: 60 - 90 mínútur

Fjölmennig er fjársjóður

Í þessari fræðslu er lögð áhersla á að vinna gegn ríkjandi staðalímyndum, hvernig er hægt að vinna gegn fordómum og leiðir til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til ólíkra einstaklinga.

Leiðbeinendur: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS, Salah Karim, Oksana og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiðir Miðju máls og læsis.

Tímalengd: 2 klst. eða samningsatriði.

Fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa

Námskeið og fræðsla um skóla án aðgreiningar, fjölmenningu, íslenskt skólakerfi, hlutverk skólafulltrúa og íslensku sem annað mál.

Leiðbeinendur: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar, Alda Árnadóttir, verkefnastjóri sérkennslu og brúarsmiðir MML

Tímalengd: 2 x 60 mínútur

Sérsniðin fræðsla og ráðgjöf Mixtúru

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta óskað eftir fræðslu, vinnustofum og menntabúðum fyrir stærri og minni hópa án endurgjalds.

Leiðbeinandi: Starfsmenn Mixtúru

Tímalengd: Miðað er við 1,5 klst. dagskrá, nema óskað sé eftir öðru.

Dæmi um fræðslu og ráðgjöf:

- Kynning á Mixtúru og möguleikum Búnaðarbanka SFS
- Google skólaumhverfið
- Raftextíll og rafrásir
- Cricut fjölskerinn (m.a. bolagerð, töskugerð og veggglímmiðar)
- Forritun og forritanleg hugsun
- Myndbandagerð
- Hlaðvarpsgerð og hljóðupptökur
- Samþætting, skapandi og fjölbreytt skil
- Raddinnsláttur, þýðingavélar, talgervlar og önnur styðjandi tækni
- Möguleikar gervigreindar



Nánari upplýsingar í gegnum netfangið mixtura@reykjavik.is, á vefsíðu mixtúru [Mixtúra | Reykjavík](#) eða í síma 411-7080.

„[NýMennt er eining innan Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem vinnur náið með Mixtúru, sköpunar- og tækniveri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.](#)

NýMennt (Nýsköpun- og menntasamfélag) á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sinnir fjölbreyttum verkefnum á öllum skólastigum sem tengjast m.a. nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í skólastarfi, eflingu STEM greina, menntatækni og gervigreind og starfsþróun. NýMennt sér einnig um keppnir og menntaverkefni eins og Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, stóru LEGO keppni grunnskólanna og Stækkaðu framtíðina.

NýMennt leiðir eftirfarandi Starfsþróunarverkefni Menntavísindasviðs:

- Opin námskeið - einingabær endurmenntun
- Menntamiðja - samfélag um nám í víðum skilningi
- Menntafléttan - námssamfélög í skóla og frístundastarfi
- Menntahleðslan - stutt endurmenntunarnámskeið sem hlaða þig af hugmyndum

Samstarfssamningur er í gildi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um starfsþróun og geta starfsstaðir óskað eftir að fræðslu og ráðgjöf frá kennurum Menntavísindasviðs með því að hafa samband við starfsthrounmvs@hi.is.”

Vinsamlegt samfélag

Inn á síðu Dags gegn einelti ([Dagur gegn einelti \(google.com\)](#)) sem haldinn er 8. nóvember hvert ár eru fræðslumyndbönd sem hægt er að nýta fyrir starfsfólk og nemendur.

Myndband: Dagur gegn einelti – Góð ráð – grunnskólar: Vanda Sigurgeirsdóttir

[Dagur gegn einelti - Grunnskólar on Vimeo](#)

Fjölmenning er fjársjóður

Í þessari fræðslu er lögð áhersla á að vinna gegn ríkjandi staðalímyndum, hvernig er hægt að vinna gegn fordómum og leiðir til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til ólíkra einstaklinga.

Leiðbeinandi: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður Miðju máls og læsis.

Tímalengd: 2 klst. eða samningsatriði.

Vertu áhrifavaldur! Samtal, grunnur samskipta

Fræðsla fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa

Hvernig eflir maður virkt samtal og samskipti barna til að styðja við færni í tungumálinu.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60 mínútur

Mál er máttur

-gufa börn með málproskaröskun DLD upp í grunnskóla?-

Fræðsla um málproska og læsi og hvernig það tengist. Skoðað hvernig málproskaröskun DLD birtist hjá börnum í leik og starfi og hvaða áhrif hún hefur á möguleika til náms.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60-90 mínútur

Málproski og læsi í grunnskóla, hvað ber árangur?

Fjallað um lesfimi, umskráningu, lesskilning, hlustun, ritun, stafsetningu, lestrarvanda, framsögn o.fl.

Læsi á yngsta- mið- eða unglíngastigi.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60-120 mínútur



Lestrarkennsluaðferðir

Erindi og umræður um raunprófaðar kennsluaðferðir.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Fræðsla, ráðgjöf og tímalengd sniðin að hverri starfsstöð.

Orðin eru allsstaðar

Orðaforðanotkun þvert á námsgreinar á mið- og unglingastigi. Hvernig eflum við sjálfstraust nemenda í ritun?

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 2 x 60 mín. þar sem verkefni eru prófuð milli funda.

Skilningur skapar þekkingu

Lestrarþjálfun og lesskilningur á mið- og unglingastigi. Kennsluhugmyndir og leiðir í vinnu sem eykur skilning nemenda á námsefni.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 2 x 90 mín. með ráðgjöf og eftirfylgni

Ráðgjöf/handleiðsla fyrir kennara vegna vinnu með málþroska og læsi

Í því felst viðvera ráðgjafa í kennslustund, handleiðslufundir og eftirfylgd.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Sniðin að hverjum og einum

Dyslexia og tæknin

Hvernig má nýta tæknina fyrir nemendur með dyslexiu?

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML og Mixtúru

Tímalengd: 90 mínútur

Lagt af stað í lestrarkennslu. Stuðningur við nýja lestrarkennara

Fræðsla og fundir fyrir nýútskrifaða kennara eða kennara sem eru nýir í lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskólans. Í því felst viðvera ráðgjafa í kennslustund, handleiðslufundir og eftirfylgd.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 3 x 90 mínútur og eftirfylgd. Er auglýst sérstaklega.

Bókasmakk og bókaklúbbar

-Kennarar sem áhrifavaldar um áhugahvöt barna á lestri-

Farið verður í fjölbreyttar leiðir til að vekja og viðhalda áhuga barna á bóklestri út frá hugmyndum Stephen Layne .

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 2 x 60 mínútur þar sem verkefni eru prófuð milli funda eða 2 klst. í eitt skipti og eftirfylgd.



Mat á stöðu nemenda, niðurstöður og úrvinnsla

Hvernig er lesið úr niðurstöðum skimana, kannana og prófa og þær nýttar til gagns. Fræðsla um stigskipta kennslu (e. Response to intervention). Hvernig má fylgjast með framförum nemenda í málþroska og læsi og nýta upplýsingarnar til að skipuleggja kennslu.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Lengd og tími samkomulagsatriði.

Læsisáætlanir

Stuðningur við læsisteymi grunnskóla við gerð læsisáætlunar skóla.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð

Mál og læsi grunnskólabarna

Fræðsla fyrir foreldra/aðstandendur, ömmur og afa um málþroska og orðaforða. Hvernig er best að láta börn lesa og hvernig er best að lesa fyrir börn. Fjallað um mikilvægi orðaforða og samtals fyrir námsmöguleika barna.

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd: 40-60 mínútur

